

638. fundur

Föstudaginn 26. janúar 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR

Benedikt S. Benediktsson, FJR

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR

Birgitta Kristjánsdóttir, ANR

Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lagðar fyrir fundargerðir 636 og 637. Staðfestar.
2. Áframhald umræðu vegna erindis Félags atvinnurekenda dags. 29. nóvember 2017 þar sem óskað var eftir aðgangi að innsendum svörum einstakra fyrirtækja og frekari rökstuðning á svari ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara um að ekki væri vöntun á nautakjöti í skilningi 65. gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Aðilar fengu senda fyrirspurn um hvort þeir legðust gegn því að framangreindar upplýsingar yrðu gerðar opinberar. Svör bárust frá umsagnaraðilum og verður erindinu svarað.
3. Erindi frá Matfugli ehf dags. 17. janúar 2018 þess efnis að nefndin taki til skoðunar að opnaður verði tollkvóti á svínasíður. Nefndin sendi fyrirspurn til framleiðenda og dreifingaraðila 19. janúar 2018 þess efnis að vöntun og/eða fyrirsjáanleg vöntun verði á svínasíðum á næstu mánuðum. Á grundvelli innsendra gagna var ákveðið að fresta ákvörðun að sinni.
4. Tekið var fyrir erindi frá Samtökum verslunar og þjónustu dags. 24. janúar 2018 um framkvæmd við opnun tollkvóta á landbúnaðarvörum vegna skorts á rauðkáli fyrir jólin. Erindið var rætt og verður svarað.

Fleira ekki gert og fundi slitið.